



Persónuverndarstefna Dalabyggðar

Tilgangur og gildissvið

Persónuverndarstefna sveitarfélagsins Dalabyggðar er sett skv. 2. mgr. 24. gr. laga 90/2018 um persónuvernd og vinnslu. Tilgangurinn er að stuðla að öruggri vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við gildandi lög og góða stjórnáslu.

Persónuverndarstefna þessir gildir um alla vinnslu persónuupplýsinga í allri starfsemi á vegum Dalabyggðar, það er fyrir allar stofnanir, starfsmenn, kjörna fulltrúa og nefndarmenn.

Vinnsla persónuupplýsinga

Til að uppfylla laga- og samningsskyldur Dalabyggðar er unnið með persónuupplýsingar um íbúa, skjólstæðinga, starfsmenn, nemendur, foreldra/forráðamenn og einstaklinga sem eru í samskiptum og viðskiptum við sveitarfélagið.

Til að tryggja öryggi persónuupplýsinga skal gert áhættumat og verklagsreglur eftir þörfum hvers verkefnis. Aðgangur starfsmanna, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna að persónuupplýsingum skal miðaður við þarfir og starfsvið viðkomandi.

Söfnun persónuupplýsinga

Eingöngu skal safna persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með tilliti til vinnslunnar. Yfirleitt er um að ræða persónuupplýsingar fengnar frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tiltekna aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila. Skal þá upplýsa um slíkt eftir því sem við á. Ekki skal vinna persónuupplýsingarnar í öðrum tilgangi án upplýsts samþykkis viðkomandi en þeim sem lá að baki söfnun þeirra.

Neiti einstaklingur að afhenda þær persónuupplýsingar sem þarf til að hægt sé að afgreiða mál þeirra samkvæmt lögum skal það virt, en viðkomandi gerð grein fyrir afleiðingum þess að veita ekki umbeðnar upplýsingar.

Upplýsingar sem skráðar eru hjá sveitarfélaginu skulu vera réttar og áreiðanlegar hverju sinni.

Miðlun

Vegna lögbundinna verkefna getur þurft að afhenda þriðja aðila persónugreinanlegar upplýsingar. Skal afhending gagnanna þá vera trygg.

Upplýsingatæknifyrirtæki eða aðrir vinnsluaðilar er þjónusta sveitarfélagið geta öðlast aðgang að persónuupplýsingum. Dalabyggð skal gera vinnslusamninga við þá aðila til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd sveitarfélagsins.

Einstaklingur getur óskað eftir að persónuupplýsingar um hann sé miðlað frá sveitarfélaginu til þriðja aðila. Skal afhending gagnanna þá vera trygg.

Sérstakar reglur gilda um birtingu skjala með fundargerðum sveitarstjórnar og byggðaráðs. Almennt skal ekki birta skjöl með persónugreinanlegum persónuupplýsingum.



Varðveisla

Persónugreinanlegar persónuupplýsingar skulu varðveittar á öruggan hátt í samræmi við áhættumat og verklagsreglur eftir því sem við á.

Samkvæmt lögum nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn skal sveitarfélagið Dalabyggð og allar stofnanir þess skila skjölum til Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Persónugreinanlegar viðkvæmar persónuupplýsingar skulu sérmerktar við afhendingu til skjalasafns til að tryggja örugga varðveislu.

Ábyrgð

Sveitarstjóri og forstöðumenn stofnanna sveitarfélagsins eru ábyrgðaraðilar á vinnslu persónuupplýsinga. Ábyrgð einstakrar vinnslu liggur innan stofnunar, yfirmanns, starfsmanns, kjörins fulltrúa eða nefndarmanns sem vinnsluna framkvæmir.

Forstöðumenn stofnana skulu gera áhættumat, verklagsreglur, vinnslusamninga og aðrar þær ráðstafanir sem þarf til að vernda persónugreinanlegar persónuupplýsingar og kynna þær reglur fyrir sínum starfsmönnum og öðrum er koma að vinnslunni.

Starfsmenn, kjörnir fulltrúar og nefndarmenn skulu kynna sér lög og reglur er gilda um þagnarskyldu og persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi skal hafa eftirlit með að meðferð persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu sé í samræmi við lög, aðstoða við innra eftirliti, upplýsa og ráðleggja vegna persónuverndarlöggjafarinnar, veita ráðgjöf við framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd og vera tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi skal vera óháður og sjálfstæður í störfum.

Öll öryggisbrot skal tilkynna til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins hið fyrsta, sími 430 4700 eða safnamal@dalir.is.

Skriflegar fyrirspurnir og erindi skal árita Persónuverndarfulltrúi Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardalur. Rafrænar fyrirspurnir og erindi skal senda á netfangið safnamal@dalir.is. Síminn er 430 4700.

Upplýsingaskylda - réttindi einstaklinga

Sveitarfélagið Dalabyggð skal miðla upplýsingum um persónuvernd, vinnslu persónuupplýsinga og réttindi fólks á aðgengulegu og auðskiljanlegu formi eftir því sem aðstæður gefa tilefni til.

Auðvelda skal skráðum einstaklingi að neyta réttar síns og honum leiðbeint um ferlið. Ekki skal undir neinum kringumstæðum torvelda einstaklingi að neyta réttar síns.

Gildistaka og endurskoðun

Þessi persónuverndarstefna öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Stefna þessi skal endurskoðuð eftir því sem tilefni er til og lög kveða á um.